



Reykjavík, 26. september 2012

Félagslegt umhverfi Evrópubúa

Ágæti viðtakandi

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt hópi sérfræðinga á sviði félagsvísinda frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Cambridge og Háskólanum í Mannheim standa um þessar mundir fyrir alþjóðlegri viðhorfakönnun meðal almennings á Íslandi. Könnunin ber heitið European Social Survey (ESS) og er gerð í yfir 30 öðrum löndum. Meginmarkmið er að skoða lífshætti og viðhorf almennings til ýmissa atriða s.s. trúar, stjórn mála, stöðu fólks á vinnumarkaði og vellíðan. Könnunin mun gefa einstakt tækifæri til að meta viðhorf Íslendinga í alþjóðlegum samanburði og getur því stuðlað að mun upplýstari umræðu um þjóðfélagsleg efni og menningu þjóðarinnar.

Könnunin nær til tæplega 1.500 manna tilviljunarúrtaks fólks 15 ára og eldra af öllu landinu. **Nafn þitt kom upp í úrtakinu og með þessu bréfi óskum við eftir því að þú takir þátt í könnuninni.**


Könnunin er **nafnlaus** og ekki verður hægt að rekja svör til einstaklinga. **Farið verður með öll gögn í samræmi við fyrirmæli Persónuverndar.** Þótt þér sé að sjálfsgöðu ekki skylt að taka þátt er afar brýnt að sem flestir svari, þannig að könnunin endurspegli sem best ólík viðhorf Íslendinga. **Svar þitt skiptir því afar miklu máli.**

Á næstu vikum mun spyrill á vegum Félagsvísindastofnunar hafa samband við þig símleiðis og óska eftir að fá að heimsækja þig á heimili þitt á þeim tíma sem hentar. Spyrillinn mun svo spyrja þig spurninga sem snerta ofangreind málefni og skrá svör þín. Við reiknum með að viðtalið geti tekið um það bil klukkustund. Í þakklætisskyni mun spyrillinn færa þér happdrættismiða. Allir sem taka þátt í könnuninni eiga möguleika á vinningi. Fyrsti vinningur er **100.000 kr.** en að auki er dregið um tíu vinninga að upphæð **10.000 kr.** hver.

Verkefnisstjórar könnunarinnar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands eru Heiður Hrund Jónsdóttir (sími 525-4167) og Hrefna Guðmundsóttir (sími 525-4160). Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um einhver atriði sem snerta könnunina er þér velkomið að hafa samband. Einnig má finna upplýsingar um könnuna á alþjóðlegri heimasíðu könnunarinnar: www.europeansocialsurvey.org.

Með fyrirfram þökk og von um góðar viðtökur,


Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir,
forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ


Dr. Stefán Hrafn Jónsson,
lektor í félagsfræði við HÍ og
verkefnisstjóri ESS á Íslandi



Reykjavík, 18. september 2012

Félagslegt umhverfi Evrópubúa

Til foreldra/ forráðamanna

Nafn þess er erindið varðar: [Name of respondent]

Efni bréfs: Samþykki fyrir þátttöku í könnun

Ágæti viðtakandi

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt hópi sérfræðinga á sviði félagsvísinda frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Cambridge og Háskólanum í Mannheim standa um þessar mundir fyrir alþjóðlegri viðhorfakönnun meðal almennings á Íslandi. Könnunin ber heitið European Social Survey (ESS) og er gerð í yfir 30 öðrum löndum. Meginmarkmið er að skoða lífshætti og viðhorf almennings til ýmissa atriða s.s. trúar, stjórn mála, stöðu fólks á vinnumarkaði og vellíðan. Könnunin mun gefa einstakt tækifæri til að meta viðhorf Íslendinga í alþjóðlegum samanburði og getur því stuðlað að mun upplýstari umræðu um þjóðfélagsleg efni og menningu þjóðarinnar.


Könnunin nær til tæplega 1.500 manna tilviljunarúrtaks fólks 15 ára og eldra af öllu landinu. Þeir sem ekki hafa náð 18 ára aldri eru undir sjálfræðisaldri og því þarf samþykki foreldra/forráðamanna fyrir þátttöku þeirra í könnuninni. **Nafn sonar þins/dóttur þinnar kom upp í úrtakinu og með þessu bréfi óskum við eftir samþykki þínu fyrir því að hann/hún megi taka þátt í könnuninni. Ef þú samþykkir ekki þátttöku ert þú vinsamlegast beðin(n) að hafa samband við Félagsvísindastofnun í síma 525-4545 eigi síðar en föstudaginn 28. september 2012.** Ef við heyrum ekki frá þér gerum við ráð fyrir að þú samþykkir þátttöku og mun þá spyrill á vegum Félagsvísindastofnunar hringja í son þinn/dóttur þína á næstu vikum og óska eftir að fá að heimsækja hann/hana á þeim tíma sem hentar. Spyrillinn mun svo spyrja hann/hana spurninga sem snerta ofangreind málefni og skrá svör. Við reiknum með að viðtalið geti tekið um það bil klukkustund. Í þakklætisskyni mun spyrill færa honum/henni happdrættismiða. Allir sem taka þátt í könnuninni eiga möguleika á vinningi. Fyrsti vinningur er **100.000 kr.** en að auki er dregið um tíu vinninga að upphæð **10.000 kr.** hver.

Könnunin er **nafnlaus** og ekki verður hægt að rekja svör til einstaklinga. **Farið verður með öll gögn í samræmi við fyrirmæli Persónuverndar.** Þótt honum/henni sé að sjálfsgöðu ekki skylt að taka þátt er afar brýnt að sem flestir svari, þannig að könnunin endurspegli sem best ólík viðhorf Íslendinga.

Verkefnisstjórar könnunarinnar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands eru Heiður Hrund Jónsdóttir (sími 525-4167) og Hrefna Guðmundsóttir (sími 525-4160). Ef þú óskar eftir nánari upplýsingum um einhver atriði sem snerta könnunina er þér velkomið að hafa samband.

Með fyrirfram þökk og von um góðar viðtökur,


Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir,
forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ


Dr. Stefán Hrafn Jónsson,
lektor í félagsfræði við HÍ og
verkefnisstjóri ESS á Íslandi